



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 1. desember 2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar - 139. mál

Með rafbréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2020, barst Landgræðslunni tillaga til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.

Markmið þingsályktunarinnar er að Alþingi feli umhverfis- og auðlindaráðherra að gera áætlun um að fjórfalda árlega nýskógrækt á næstu fimm árum, úr þremur milljónum gróðursettra plantna í 12 milljónir. Áætlunin verði unnin í samstarfi stjórnvalda, bænda, Skógræktarinnar, skógræktarféлага, atvinnulífs og almennings og miði að því að margfalda bindingu kolefnis í skógum, skapa ný störf í dreifðum byggðum og auka til langs tíma verðmætasköpun, atvinnutækifæri og landgæði á landsbyggðinni. Þá er sérstaklega tiltekið að ræktun skóga á landi hvar á sér stað gróður- og jarðvegshnignun sé eitt beittasta vopnið gegn uppblæstri og jarðvegsrofi um leið og að slíkt auki líffræðilega fjölbreytni.

Landgræðslan tekur undir að margvíslegur samfélagslegur og hagrænn ábati fylgir sannarlega ræktun nýrra skóga en vill engu að síður leggja áherslu á þann reginmun sem er á nýskógrækt annars vegar, sem einum anga landbúnaðar, og aukinni útbreiðslu náttúruskóga landsins hins vegar, þ.e. birkiskóga og víðikjarrs sem náttúruverndaraðgerðar. Nýskógrækt styður ekki við verndun líffræðilegrar fjölbreytni á sama hátt og aukin útbreiðsla náttúruskóga gerir. Það er afar mikilvægt að hafa það til hliðsjónar í allri ákvarðanatöku um hvernig skuli auka við bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri svo slíkar framkvæmdir samræmist skuldbindingum landsins innan Parísarsamkomulagsins og öðrum alþjóðasamningum. Fjórföldun nýskógræktar á innan við fimm árum myndi því kalla á víðtæka endurskoðun á markmiðum og aðferðum, þá sérstaklega hvað varðar samlegð markmiða um aukna kolefnisbindingu og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Stóraukin nýskógrækt hefur sannarlega jákvæð áhrif á atvinnusköpun, bæði vegna umfangs plöntunar og einnig vegna umhirðu þar til skógurinn er tilbúinn í lok vaxtarlotu tegundarinnar. Á þeim tíma sem líður frá plöntun til skógarhöggs eiga sér svo stað ýmsar breytingar sem eru háðar þeim trjátegundum sem notaðar eru. Þetta eru fyrst og fremst breytingar á tegundasamsetningu svæðisins og eiginleikum jarðvegs, þ.m.t. kolefnisinnihaldi hans. Hvort þær breytingar teljast jákvæðar eða neikvæðar með tilliti til þessarar tveggja þátta fer eftir hvoru tveggja, tegundavali og markmiðum skógræktarinnar, og þessa þætti verður að meta í upphafi. Ef meta á árangur út frá kolefnisbindingu þá þarf eftirfarandi að liggja fyrir:

- Lífsferlisgreining á ræktuðum skógi: Meta þarf hver binding er í ofanjarðar- og neðanjarðarkolefnisgeymum skógarins, þ.e. bæði í trjám og jarðvegi. Skoða þarf hver

er líftími þessara geyma út frá mismunandi nálgunum varðandi staðarval, tegundaval, umhirðu og lokanýtingu, þ.e. hversu langur tími líður þar til kolefni sem áður var bundið í gróðri og jarðvegi er komið aftur út í andrúmsloftið

- Samanburður við hliðstæða þætti í ræktuðum skógi þar sem þar sem umhirða er í lágmarki og lokaafurðin er skógurinn sjálfur en ekki timburframleiðsla
- Samanburður við hliðstæða þætti í sjálfsáðum náttúruskógi þar sem umhirða er í lágmarki og lokaafurðin er skógurinn sjálfur en ekki timburframleiðsla

Inn í þetta mat þarf að taka sjálfsáningu þeirrar tegundar sem til skoðunar er.

Án þess að þessir þættir séu skoðaðir sérstaklega er ekki hægt að fullyrða að væntingar varðandi kolefnisbindingu náist. Enginn vafi er hins vegar að hefðbundin skógrækt er atvinnu- og verðmætaskapandi.

Leggja verður áherslu á að ekki er sjálfgefið að skógrækt leiði til nettó bindingar ef litið er til erlendra rannsókna, og veltur þá mikið á hvernig staðið er að framkvæmdum. Skortur er hins vegar á íslenskum rannsóknum á þessu sviði. Hér skiptir t.d. máli hvernig land er valið. Í greinargerð tillögunnar er réttilega bent á að nýskógrækt geti dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rofnu landi, en á hinn bóginn er oft plantað í fremur frjósamt og nokkuð gróið land. Ef hámarka ætti það markmið að binda kolefni, viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og auka framleiðni þá ætti að einblína á rofið land til skógræktar, og ætti tillagan að gera grein fyrir því.

Landgræðslan leggur áherslu á að þó kolefnisbinding sé mikilvægt markmið í landgræðslu og skógrækt, þá eru jafnframt aðrir þættir sem verður að meta jafngilda þegar litið er til framkvæmdar og árangurs. Þetta eru þættir sem snúa viðhaldi og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni íslenskra vistkerfa og viðhaldi og eflingu ýmissa vistkerfisþjónusta. Ef farið er af stað með verkefni sem miðar að kolefnisbindingu á forsendum kolefnisbindingar eingöngu þá er ljóst að önnur ofantalin markmið munu smám saman víkja.

Um Landgræðsluna gilda lög nr. 155/2018 og hefur stofnunin um áratugaskeið unnið að verkefnum tengdum landgræðslu en skv. lögnum er landgræðsla skilgreind sem samheiti yfir alla starfsemi og aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðin markmið að leiðarljósi.

Markmið þingsályktunarinnar þeirrar sem hér er til umfjöllunar um skógrækt sem felur í sér aukna bindingu kolefnis, aukin líffræðilegan fjölbreytileika og minni jarðvegseyðingu fellur vel að þeirri landgræðslu sem við þekkjum í dag. Þá má og nefna fleiri markmið laga um landgræðslu sem falla vel að markmiðum þingsályktunarinnar, sjá t.d. eftirfarandi:

b-liður 2. gr. stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs

c-liður 2. gr. komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi,

e-liður 2. gr. nýting lands verndi líffræðilega fjölbreytni og orku- og næringarforða og nauðsynlega jarðvegseiginleika fyrir virkni vistkerfisins,

a-liður 3. gr. byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra

b-liður 3. gr. auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá

c-liður 3. gr. auka kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa,

d-liður 3. gr. virkja almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.

Landgræðslan styður áform um aukna skógrækt en ljóst er að þá skógrækt þarf að skipuleggja mjög vel.

Margföldun skógræktar þarf að vinna í nánú samstarfi við landeigendur og fagstofnanir og ekki síst sveitarstjórnir en þær fara með skipulagsvald, hver í sínu umdæmi. Þá liggur og fyrir að umfangsmikil skógrækt kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslu ríkisins



Árni Bragason,
landgræðslustjóri